

(1)

Skýrsla Reykjavíkuringa Kvinnalistsans - skrifuð í nóv. 1992

Frá síðasta Landsfundi hefur mikið af orku framkvæmdanefndar farið í á stýra Laugardagskaffinu. Í fjármálum hefur þess verið gætt að greiða niður kosningaskuldir sem, auk þess að hrifsa til sín alla aura ársins 1991, skyldi okkur eftir með skuldabréf sem þingkonur okkar í Reykjavík gengu í ábyrgð fyrir. Vitanlega voru hefðbundnir félagsfundir haldnir líka og leitast var við að fulltrúi anga mætti á framkvæmdaráðsfundum.

Í framkvæmdanefnd voru fram á vorið Magdalena Schram, Nína Helgadóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Gerla og Sigrún Sigurðardóttir. Í sumar og fram á haustið snéru þær sér að öðru Malla, Drífa og Gerla og í þeirra stað komu Anna Jóna Guðmundsdóttir, Eyrún Ingadóttir og Salvör Gissurardóttir; sömuleiðis Ína Gissurardóttir og Guðrún Halldórsdóttir þegar dró að Landsfundi.

Fjármálin

Skuldirnar sem stofnað var til vegna kosninganna 1991 verða að fullu greiddar í lok þess árs. Félagsgjöld hafa verið innheimt í ár með sama hætti og í fyrra "á fæti" - og hefur Friðbjört hjá Neytó haft milligöngu þar um. Það innheimtist milli 25-30% í fyrra og svipað hlutfall virðist innheimtast í ár. Þó er rétt að taka fram að þeim hefur fækkað konunum sem játast undir það að vera k-konur (eins og þær eru merktar á lista Fréttabréfsins).

Reikninga angans get ég ekki lagt fram núna, en fyrir áramót verða þeir tilbúnir og opnir þeim sem vilja skoða.

Laugardagskaffið

Eftir Landsfund í fyrra komu þær Guðný Guðbjörnsdóttir og Sigríður Dúna og sögðu frá nýjum vindum í feminisma og sú umræða leiddi af sér þrjú "köff" og fjörugar umræður um hugmyndafræði Kvinnalistsans. Vangaveltur um "mæðrahyggjuna" voru etv mest áberandi í þeirri umræðu. Ragnhildur Vigfúsdóttir talaði um bókina Líf og störf íslenskra kvenna, Hildur Jónsdóttir ræddi um norræna jafnlaunaverkefnið, Sigríður Lilly Baldursdóttir um konur og vísindi, Margrét Pála sagði frá -kynskiptu barnaheimili að Hjalla í Hafnarfirði, þá kom Kristín Björnsdóttir og talaði um hjúkrun, niðurskurð í heilbrigðismálum og hvort umönnunarhluturinn væri fyrir borð borinn o.fl. Þegar nær dró Landsfundi tókum við svo fyrir málefni fundarins, atvinnumál, sjávarútvegsmál og EES - EB umræðu.